

Reykjavík, 3. ágúst 2017

## Úrskurður nr. 12/2017

Í dag var hjá embætti Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

### Ú R S K U R Ð U R

**Kærandi: A**

**Kæruefni: Álagning aðflutningsgjalda á búslóð**

#### I. Kæra

Með tölvupósti dags. 11. júlí 2017, hefur A kært til úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda á sendinguna X.

Kærandi krefst þess að nýir og ónotaðir munir að verðmæti kr. 280.000 í nefndri sendingu njóti tollfríðinda sem búslóðamunir og að álagning aðflutningsgjalda verði felld niður.

#### II. Málsmeðferð

Þann 5. júlí 2017 flutti kærandi búslóð sína til landsins með sendingunni X. Aðflutningsskýrslu vegna sendingarinnar var skilað inn til Tollstjóra þann 7. júlí 2017 og farið var fram á tollfríðindi fyrir nýja og ónotaða búslóðarmuni að verðmæti 280.000 kr. Tollstjóri gerði athugasemdir við þá skýrslu þann 10. júlí sama ár því talið var að nýju munirnir uppfylltu ekki skilyrði um tollfríðindi búslóða, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 88/2005 og 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008. Skýrslan var leiðrétt samdægurs og hlaut tollafgreiðslu þann 11. júlí 2017. Við tollafgreiðslu sendingarinnar voru lögð aðflutningsgjöld á þann hluta sendingarinnar sem innihélt nýja og ónotaða muni.

Með tölvupósti dags. 11. júlí 2017 kærði kærandi ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda vegna sendingarinnar.

#### III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi kveður sig og eiginmann sinn hafa hugleitt í nokkur ár að flytjast til Íslands en í júlí 2016 hafi þau ákveðið að reyna að láta verða af flutningunum. Eiginmaður kæranda hafi þá flutt til landsins til að undirbúa búferlaflutningana og flutti kærandi lögheimili sitt til Íslands stuttu síðar. Kærandi kveður sig hafa í lengst erlendis m.a. vegna óvissu um hvort af

búferlaflutningunum myndi verða. Þrátt fyrir lögheimilisflutninginn hafi það ekki orðið ljóst að kærandi myndi flytjast til Íslands fyrr en í byrjun júní 2017 en þá hóf kærandi að pakka búslóð sinni í gám sem átti að flytja til Íslands. Í gámnum voru einnig nýir og ónotaðir búslóðarmunir sem kærandi keypti í maí 2017 og taldi sér vera heimilt að flytja til landsins tollfrjálst, með hliðsjón af 3. mgr. 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi. Kom það því kæranda á óvart að aðflutningsgjöld hafi verið lögð á hina nýju og ónotuðu búslóðarmuni þegar kom að tollafgreiðslu búslóðarinnar hér á landi.

Kærandi telur að hvergi í 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi komi fram tímamark um hvenær nýir og ónotaðir munir þurfa að hafa verið keyptir til að þeir njóti tollfríðinda sem búslóðarmunir. Í reglugerðinni sé eingöngu kveðið á um að hámarksverðmæti hinna nýju og ónotuðu hluta megi ekki vera meira en 140.000 kr. og gildir sú heimild fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Kærandi kveður sig hafa verið innan þeirra marka sé miðað við skýrsluna sem skilað var inn til Tollstjóra þann 7. júlí 2017. Að auki telur kærandi að taka beri tillit til þess að dagsetning búferlaflutnings kæranda til landsins hafi í raun ekki verið fyrr en í júní 2017 því þá fyrst hafi legið endanlega fyrir að af búferlaflutningunum myndi verða. Kærandi heldur því fram að verið sé að refsa sér fyrir þá hreinskilni að gera grein fyrir nýjum og ónotuðum hlutum og tekur fram að ef skýrt væri kveðið á um tímamark fyrir kaup á nýjum hlutum í reglugerð um ýmis tollfríðindi þá hefði kærandi einfaldlega haft munina með sér í flug og nýtt tollfríðindi sem ferðamaður, í stað þess að flytja þá með búslóðagámnum og njóta engra tollfríðinda fyrir þá.

Kærandi telur að Tollstjóri hafi túlkað ákvæði 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi á ósanngjarnan hátt og án þess að taka tillit til aðstæðna sinna. Fer kærandi því fram á að ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda á alla sendinguna X verði felld niður og sér gert heimilt að njóta tollfríðinda fyrir nýja og ónotaða muni að verðmæti 280.000 kr.

#### **IV. Niðurstöður**

Almennt ber að greiða aðflutningsgjöld af öllum vörum sem fluttar eru til landsins, skv. meginreglu 3. og 5. gr. tollalaga nr. 88/2005. Í tilviki búslóða einstaklinga sem flytja hingað til landsins er aftur á móti gerð undantekning frá þessari meginreglu sem heimilar tollfrjálsan innflutning búslóða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga og II. kafla reglugerðar um ýmis tollfríðindi. Um er að ræða undanþágu frá meginreglu laganna og samkvæmt almennum og viðteknum lögskýringarsjónarmiðum þá ber að túlka hana þröngt og gerðar eru ríkar kröfur um að skilyrðum hennar sé fullnægt.

Um búslóðir er fjallað í II. kafla reglugerðar um ýmis tollfríðindi nr. 630/2008. Kaflinn tekur til tollfríðinda vegna búslóða manna sem flytjast búferlum til landsins. sbr. 14. gr., og eru búslóðarmunir skilgreindir sem m.a. hvers kyns hreyfanlegir innanstokksmunir og húsbúnaður, húsgögn, búnaður og hlutir til íþróttaiðkunar, útivistar, veiða eða annarrar

tómstundaiðju, sbr. 15. gr. reglugerðarinnar. Óumdeilt er að þeir munir sem kærandi flutti til landsins falla undir þessa skilgreiningu á búslóð.

Loks er í 16. gr. reglugerðarinnar fjallað um almenn skilyrði fyrir tollfrelsi búslóða og samkvæmt 1. tl. 16. gr. reglugerðarinnar þarf innflytjandi að hafa haft fasta búsetu erlendis a.m.k. í eitt næstliðið ár fyrir búferlaflutning til landsins til að njóta tollfríðinda. Samkvæmt 2. tl. 16. gr. skal innflytjandi og aðrir rétthafar tollfríðindanna, sem taka sér bólfestu hér á landi, vera með skráð lögheimili hérlendis í samræmi við lög um lögheimili. Samkvæmt 3. tl. 16. gr. reglugerðarinnar skulu búslóðarmunir vera notaðir, hafa verið í eigu innflytjanda og fjölskyldu hans eigi skemur en í eitt ár og eingöngu ætlaðir til nota við heimilishald viðkomandi hérlendis. Tollfrelsi búslóða tekur þó einnig til ónotaðra búslóðarmuna og búslóðarmuna, sem viðkomandi hefur átt í skemmri tíma og ætlar að nota hér á landi, enda sé verðmæti þeirra eigi meira en kr. 140.000 miðað við smásöluverð á innkaupsstað. Fjárhæðin gildir fyrir hvern fjölskyldumeðlim 18 ára og eldri en helmingi lægri fjárhæð fyrir þá sem yngri eru. Þá er í 4. tl. sama ákvæðis mælt svo fyrir að viðkomandi innflytjandi hafi búslóðina með sér er hann flytur búferlum til landsins eða flytji hana til landsins eigi síðar en innan 6 mánaða frá því að hann tók sér bólfestu hér á landi eða öðlaðist hér lögheimili. Tollstjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á, svo sem ef dvöl manns hér hefur upphaflega verið ákveðin um skemmri tíma en framlengist síðan til varanlegrar búsetu. Í máli þessu veitti Tollstjóri kæranda viðbótarfrest en búslóðin kom eins og áður segir til landsins í júlí sl., eða rúmum 9 mánuðum eftir lögheimilisflutning kæranda.

Ofangreind skilyrði 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi voru til umfjöllunar í úrskurði ríkistollanefndar nr. 2/2012 en í því máli var deiluefnið afar sambærilegt því sem hér er til úrlausnar. Í nefndum úrskurði ríkistollanefndar, sem hefur fordæmisgildi í þessu máli, kemur fram að líta beri á þá fresti, sem mælt er fyrir um í 4. tl. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008, sem svo að þeir eigi aðeins við um flutning búslóðar eins og hún er samansett, þegar búsetu innflytjanda lýkur erlendis. Taldi ríkistollanefnd að heimild 3. tl. sömu greinar til að flytja inn ónotaða búslóðarmuni væri á sama hátt háð því skilyrði að innflytjandi eða fjölskyldumeðlimur hafi eignast munina þegar hann var búsettur erlendis. Í þessu samhengi segir ríkistollanefnd í nefndum úrskurði að búslóðin „verði m.ö.o. ekki aukin með því að bæta við hana nýjum munum eftir að innflytjandi hefur lokið búsetu sinni“ en við mat á því hvenær búsetu lauk miðaði ríkistollanefnd við lögheimilisflutning kæranda til landsins. Ríkistollanefnd hafnaði því kröfu kæranda í málinu um að fá að nýta sér tollfríðindi búslóða fyrir muni sem hann keypti eftir að hafa flutt lögheimili sitt til Íslands.

Samkvæmt 1. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990 er lögheimili manns sá staður, þar sem hann hefur fasta búsetu. Kærandi og eiginmaður kæranda skráðu lögheimili sitt á Íslandi árið 2016. Frá þeim tímamörkum ber að telja þau búsett á Íslandi en frá lögheimilisskráningu hvors um sig þá báru kærandi og eiginmaður hennar réttindi og skyldur sem aðilar búsettir á Íslandi.

Óumdeilt er í máli því sem hér er til úrlausnar að hinir umþrættu munir voru keyptir eftir flutning lögheimilis kæranda og eiginmanns hennar til Íslands, eða í maí 2017.

Með vísan til forsendna ríkistollanefndar í úrskurði nr. 2/2012 auk annars sem að ofan hefur verið rakið er það mat Tollstjóra að þeir nýju og ónotuðu munir sem kærandi flutti til landsins með sendingunni X falla ekki undir ákvæði 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 16. gr. reglugerðar um ýmis tollfríðindi.

### **ÚRSKURÐARORÐ**

Embætti Tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, að ákvörðun Tollstjóra, dags. 11. júlí 2017, um álagningu aðflutningsgjalda á sendinguna X er staðfest.